

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson,
sérfræðingur
Laugavegi 166
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. apríl 2016
2016030013/42-2
TB
jgo/tb

Ofanflóðavarnir ofan Neskaupstaðar í Norðfirði

Vísað er til tveggja bréfa frá Skipulagsstofnun, bæði dagsett 10. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvær frummatsskýrslur um ofanflóðavarnir við Neskaupstað annars vegar neðan Nes- og Bakkagilja og hins vegar neðan Urðarbotns og Sniðgils. Þar sem þessar tvær framkvæmdir/ofanflóðavarnir eru á sama svæði, eðli þeirra það sama og auk þess að miklu leiti fjallað um bæði svæðin sameiginlega í frummatsskýrslunum þá hefur Náttúrufræðistofnun ákveðið að gefa eina umsögn um bæði svæðin. Einnig má benda á að niðurstöður rannsókna um gróður og fuglalíf, sem Náttúrustofa Austurlands framkvæmdi, eru birtar í einni skýrslu fyrir bæði svæðin.

Ofanflóðavarnir eru að mörgu leiti ólíkar öðrum framkvæmdum að því leiti að þær snúa að náttúruvá og almannavörnum, þ.e. í þessu tilfelli að koma í veg fyrir tjón af völdum snjóflóða. Og auk þess eru áhrif varnanna á umhverfið að stórum hluta vegna framkvæmdanna sjálfra á landslag og búsvæði plantna og dýra og um leið upplifun íbúa af vörnunum en, ef það má orða það svo, þá mun „rekstur“ ofanflóðavarna á svæðinu ekki hafa frekari áhrif á umhverfið umfram það sem verður við byggingu þeirra. Áhrif á náttúruna og umhverfið ráðast því að stórum hluta af náttúruverndargildi þess svæðis sem lagt er undir varnirnar en ekki t.d. af langtíma áhrifum nema að varnirnar hafi í för með sér verulegar breytingar á mikilvægum vistkerfum eða vistfræðilegum ferlum og þar með jafnvel áhrif á mikilvæga þjónustu vistkerfa.

Gera má ráð fyrir að með réttum áherslum í endurheimt gróðurs megi endurheimta að stórum hluta það rask sem verður á svæðinu og að einhverju leiti endurheimta náttúrulegan gróður. Á svæðinu er töluverð skógrækt og einnig hefur verið aukning í útbreiðslu ágengra tegunda s.s. lúpínu og skógarkerfils. Að þessu leiti hefur svæðinu nú þegar verið raskað. Lagt er til í frummatsskýrslunum að koma í veg fyrir útbreiðslu ágengra tegunda eins og hægt er m.a. vegna útivistar. Fram kemur í gögnum Náttúrustofu Austurlands að minni breytingar hafi orðið á fuglalífi en gert hafi verið ráð fyrir eftir byggingu fyrri ofanflóðavarna. Engar tegundir válistaplantna fundust á framkvæmdasvæðinu og engar fágætar jarðmyndanir. Áhrif á umhverfið verða mestar á framkvæmdatíma, breytingar verða á búsvæðum t.d. fugla en trúlega mun svæðið jafna sig að mestu. Svæðið er utan fólkvangs Neskaupstaðar og engar



aðrar sérstakar náttúruminjar eru þar skráðar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir þau gögn frummatsskýrslunnar sem snúa fyrst og fremst að stofnuninni en það eru náttúrufarsrannsóknir. Stofnunin telur að þær upplýsingar sem eru fyrir hendi um lífríki og jarðfræði svæðisins séu nægar svo halda megi áfram með málið.

Náttúrufræðistofnun telur að þar sem um er að ræða stórt samfellt svæði ofanflóðavarna þá sé eðlilegt að svæðið sé skoðað m.t.t. náttúrufars að nokkrum árum liðnum, t.d. 5 árum eftir að framkvæmdum líkur.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

